



Reykjavík, 5. október 2017

R17020227

100

HBL/bþ

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Breyting á samþykkt fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Á fundi borgarstjórnar 3. október 2017 var 3. liður fundargerðar forsætisnefndar frá 29. september 2017; breyting á samþykkt fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð, samþykktur.

Það tilkynnist hér með.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, óháður borgarfulltrúi, lagði fram svohljóðandi bókun:

Ég samþykki ekki breytingar á samþykkt nýrra samþykcta fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð, þar sem ekki liggur fyrir skilgreining á þjónustu skv. 3. gr. C.-3. lið, þar sem augljós skörun kann að eiga sér stað á milli fagsviða sem öll hafa með hendi þjónustuveitingu. Þá tel ég að gera þurfi samhliða breytingar á samþykktum forsætisnefndar, þar sem verið er að fela stjórnkerfis- og lýðræðisráði hlutverki hennar að því sem snýr að umsjón með skipulagi stjórnkerfis Reykjavíkurborgar, sbr. 3. gr. og í síðasta lagi þá fær ráðið stjórnsýslueftirlit, en það skarast við verkefni Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Taka þarf á þessum þremur þáttum til að hljóta samþykki mitt.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Breyting á samþykkt fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð